

# DAGSEKTIR – VINNULAG

## Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa starfar skv. lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála. Verkefni hennar eru tilgreind í 4. gr. laganna og felast þau m.a. í eftirliti með jafnréttisáætlunum og jafnlaunavottun og umsjón og eftirliti með jafnlaunastaðfestingu.

## Innköllun jafnréttisáætlana

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna skulu fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun sinni ásamt aðgerðaáætlun þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því. Það sama á við þegar Jafnréttisstofa kallar eftir skýrslu um framgang mála. Skili fyrirtæki eða stofnun ekki umbeðnum gögnum innan hæfilegs frests er Jafnréttisstofu heimilt að beita dagssektum. Hafi fyrirtæki eða stofnun ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests að viðlögðum dagssektum. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis eða stofnunar uppfylli ekki kröfur laganna. Þá athugist að jafnréttisáætlun telst hafa öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt hana, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2020.

## Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

Fyrirtæki og stofnanir með 25 til 49 starfsmenn, að undanskildum opinberum aðilum, sjóðum og fyrirtækjum sem eru að hálfu eða í meiri hluta í eigu ríkisins, geta valið milli þess að öðlast a) jafnlaunavottun að undangenginni úttekt löggildra vottunaraðila, sbr. 7 gr. laga nr. 150/2020 eða b) jafnlaunastaðfestingu, sbr. 8. gr. sömu laga, að lokinni úttekt og staðfestingu Jafnréttisstofu.

Ljúki fyrirtæki eða stofnun ekki jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu innan hæfilegs frest eða skili ekki fullgildri jafnréttisáætlun getur Jafnréttisstofa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun greiði dagsektir þar til farið verður að fyrirmælunum. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

### Vinnulag við beitingu dagsekta við innköllun jafnréttisáætlana og við eftirfylgni með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu:

**1. Innköllun / eftirfylgni.**

Gefinn er þriggja vikna frestur til að bregðast við erindinu.

**2. Ítrekun með ábendingu um dagsektir.**

Að viku liðinni er ítrekun send með ábendingu um dagsektir.

**3. Ítrekun með ábendingu um dagsektir.**

Að tveimur vikum liðnum er ítrekun send með ábendingum um dagsektir.

**4. Ítrekun símleiðis og lokaviðvörðun.**

Að tveimur vikum liðnum er erindið ítrekað með símtali og tilkynnt að um lokaviðvörðun sé að ræða.

**5. Málið sent lögfræðingi Jafnréttisstofu.**

Dagsektum beitt þar sem a.m.k. 8 vikur eru liðnar án þess að brugðist hafi verið með viðunandi hætti við erindinu.

**Akureyri í febrúar 2021**